

VAXTARSAMNINGUR FYRIR HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



Vaxtarsamningur höfuðborgarsvæðisins

Samantekt niðurstaðna

September 2014

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Framtíðarsýn og forsendur samkeppnishæfs höfuðborgarsvæðis	4
2.1	Framtíðarsýn.....	4
2.2	Atvinnulíf og svæðisskipulag	7
2.3	Samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins	8
2.4	Efnahagsleg markmið	10
3	Meginniðurstöður einstakra verkefna	13
3.1	Hagkerfi höfuðborgarsvæðisins.....	13
3.2	Nýsköpun og samkeppnishæfni.....	16
3.3	Skattalegt umhverfi	19
3.4	Framtíð samgangna	21
3.5	Framtíð og fjárfestingarþörf í ferðaþjónustu.....	23
3.6	Skapandi greinar og græna hagkerfið.....	25
3.7	Vísindapörp í Vatnsmýri	27
3.8	Lítill og meðalstór fyrirtæki	29

1. Inngangur

Þann 22. mars 2013 skrifuðu formaður Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og fjármála- og efnahagsráðherra undir samning um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2013. Markmið sóknaráætlana er að ráðstöfun þeirra fjármuna sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði atvinnumála, byggða- og samfélagsþróunar byggji á svæðisbundnum áherslum og markmiðum sem fram koma í sóknaráætlun landshlutans og fari um einn farveg samkvæmt fjárlögum 2013.

Til undirbúnings sóknaráætlunar kallaði stjórn SSH saman ráðgjafarráð, 25 manns úr ýmsum geirum samfélagsins sem lagði grunn að tillögum og áherslum höfuðborgarsvæðisins. Endanlegar áherslur höfuðborgarsvæðisins eru settar fram í skjalinu *Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013, verkefnatillaga*. Þar eru skilgreindir þrjú málaflokkar: *Vaxtarsamningur fyrir höfuðborgarsvæðið; Markaðssetning höfuðborgarsvæðisins; og Skólar og menntun í fremstu röð*.

Undir málaflokknum *Vaxtarsamningur fyrir höfuðborgarsvæðið* er að finna átta skilgreind verkefni sem öll lúta að vinnu sem ætlað er að treysta og efla undirstöður og skilyrði atvinnulífs á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnin átta eru:

1. Hagkerfi höfuðborgarsvæðisins
2. Nýsköpun og samkeppnishæfni
3. Skattalegt umhverfi
4. Framtíð samgangna
5. Framtíð og fjárfestingarþörf í ferðaþjónustu
6. Skapandi greinar og græna hagkerfið
7. Vísindagarðar og þekkingargreinar
8. Lítil og meðalstór fyrirtæki



Stýrihópur var skipaður fyrir málaflokkinn *Vaxtasamningur fyrir höfuðborgarsvæðið* og áttu eftirfarandi aðilar sæti í honum:

- Dagur B. Eggertsson, Reykjavík, formaður,
- Bjarki Jóhannesson, Hafnarfirði,
- Haraldur Sverrisson, Mosfellsbæ,
- Hrafnkell Á. Proppé, SSH,
- Hrólfur Jónsson, Reykjavík,
- Ingólfur Arnarson, Kópavogi.

Sigurður Snævarr, hagfræðingur, var ráðinn verkefnisstjóri fyrir málaflokkinn.

<http://ssh.is/vaxtarsamningur>

Upplýsingar um sóknaráætlunina, málaflokkana, einstök verkefni og lokaafurðir þeirra er að finna á heimasíðunni <http://ssh.is/vaxtarsamningur>. Í þessari skýrslu er að finna samantekt á niðurstöðum þeirra verkefna sem falla undir málaflokkinn *Vaxtarsamningur fyrir höfuðborgarsvæðið*.



2. Framtíðarsýn og forsendur samkeppnishæfs höfuðborgarsvæðis

2.1. Framtíðarsýn

Samhliða vinnu við Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins hafa sveitarfélögin unnið að svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið og virkt samstarf verið við úrlausn þessara verkefna. Í samkomulagi um svæðisskipulagið er sett fram eftirfarandi framtíðarsýn sveitarfélaganna um skipulag og atvinnulíf á svæðinu:

Líta ber á höfuðborgarsvæðið sem eitt búsetusvæði, einn atvinnu og húsnæðismarkaður með sameiginlegu grunnkerfi, útivistarsvæði, auðlindir, útmörk, landslag og náttúru.

Höfuðborgarsvæðið mun í auknum mæli bera svipmót þéttar borgarbyggðar og nútímalegs þekkingarsamfélags.



Eftirfarandi markmið eru settar fram í samkomulaginu:

- *Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafi með sér náðið samstarf um skipulagsmál.*
- *Markmið um sjálfbæra þróun verði ráðandi í skipulagsmálum svæðisins með blandaðri landnotkun, þéttingu byggðar og vistvænu skipulagi samgangna.*
- *Höfuðborgarsvæðið beri sviptomót fagurra borgar þar sem tekið er tillit til náttúrulegs landslags eins og kostur er við þróun nýrra hverfa.*
- *Höfuðborgarsvæðið verði nútímalegt borgarsamfélag með alþjóðlegu yfirbragði og alþjóðlega samkeppnishæft um fólk, fyrirtæki, fjármagn og viðskipti.*
- *Störfum fjölgi í þjónustu- og þekkingargreinum.*

Við mótun framtíðarsýnar um atvinnu- og efnahagsþróun höfuðborgarsvæðisins, sem er viðfangsefni Vaxtasamningsverkefna sóknaráætlunar, er framtíðarsýn sveitarfélaganna vegna svæðisskipulagsins notuð sem grunnur. Í tengslum við framtíðarsýn Vaxtarsamningsins er sérstaklega horft til þeirra ógna sem mannfjöldaspá teiknar upp og þeirra tækifæra og ógnana sem áframhaldandi alþjóðavæðing felur í sér. Öldrun samfélagsins á höfuðborgarsvæðinu hefur í för með sér að þegar á árinu 2025 má vænta þess að fyrir hverja hundrað á vinnualdri verði tæplega 30 eldri en 65 ára á höfuðborgarsvæðinu, samanborið við rösklega 20 í dag. Þegar rýnt er í spilin allt til ársins 2040 blasir við enn meiri fjölgun aldraðra og reikna má með að fyrir hverja 100 á vinnualdri verði 35-37 eldri en 65 ára á höfuðborgarsvæðinu. Einsýnt er því að auka þarf framleiðni í atvinnulífinu til þess að tryggja starfandi og ellilífeyrisþegum líf skjör sem ásættanleg eru og samkeppnisfær í heimi þar sem landamæri ríkja varða litlu.

Draga má upp mjög dökka sviðsmynd þar sem íslenskt atvinnulíf stenst ekki samkeppni og vel menntað fólk á besta vinnualdri kýs að starfa annars staðar. Við þessari sviðsmynd þarf að bregðast og teikna upp þá mynd af stöðu atvinnulífs á höfuðborgarsvæðinu sem ákjósanleg er og raunhæft að rætist. Draga má þá framtíðarsýn um stöðu höfuðborgarsvæðisins og atvinnulíf þess saman í stuttu máli:

Áframhaldandi alþjóðavæðing

Öldruðum mun fjölga

Höfuðborgarsvæðið býður upp á fjölbreytt atvinnulíf sem byggt er á hugviti og hagnýtingu þess. Styrkar stoðir verðmætasköpunar standa undir launum og lífskjörum sem eru á borði við þau bestu í heiminum. Rannsóknastofnanir á svæðinu eru í fremstu röð og leggja grunn að frjórri nýsköpun á fjölmörgum sviðum. Höfuðborgarsvæðið er nútímalegt borgarsamfélag sem í senn er alþjóðlegt og með skýr sérkenni. Svæðið laðar að sér fólk hvaðanæva að sem vill starfa hér um lengri eða skemmri tíma eða koma hingað sem ferðamenn.

Með Vaxtarsamningnum er lagður grunnur að framsækinni stefnu sem miðar að því að sú framtíðarsýn sem hér er lögð fram verði að veruleika.

Skólamál eru atvinnumál

Skilyrði þess að atvinnustefna sem knúin er áfram af hugviti nái fram að ganga er gæðamenntun á öllum skólastigum. Sveitarfélögin gegna hér meginhlutverki og sóknaráætlunarverkefnið um skóla í fremstu röð vegur þungt á vogarskálinni. Skólamál eru atvinnumál.

Skipulagsmál eru atvinnumál

Yfirbragð bygginga og skipulag umhverfis skiptir miklu fyrir atvinnulíf á hverjum stað. Rannsóknir sýna að sjónræn gæði borga skipta miklu í vali fyrirtækja um hvar fjárfesta skuli. Framlag svæðisskipulagsins til að þessi framtíðarsýn rætist er því töluverð. Skipulagsmál eru atvinnumál.

Mikið veltur á því að rekstrarumhverfi fyrirtækja sé hvetjandi og frjótt. Það er fyrst og fremst ríkið sem mótar það umhverfi. Þar má nefna stöðugt efnahagslíf með hóflegri og réttlátri skattlagningu fyrirtækja, verðstöðugleika og fyrirsjáanleg gengisþróun. Afnáam gjaldeyrishafta verður og æ brýnna. Nátengt því er festa í peningamálum með vaxtakjörum sem eru samkeppnishæf við þau sem atvinnulífi í samkeppnislöndum býðst. Sveitarfélögin koma einnig að mótun rekstrarumhverfis, þó í minna mæli. Þar skiptir ekki síst máli sú eftirlitsstarfsemi sem er á vegum sveitarfélaganna.

2.2. Atvinnulíf og svæðisskipulag

Lykilatriði er að sá vöxtur sem vaxtarsamningur höfuðborgarsvæðisins stefnir að verði hagkvæmur og ekki verði gengið á umhverfisgæði íbúa. Það er því nauðsynlegt að fyrirjábanlegri fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu verði mætt án þess að bílaumferð aukist í sama hlutfalli og án þess að óbyggt land verði brotið í sama mæli og síðustu áratugi. Sköpum skiptir fyrir samkeppnisstöðu landsins að höfuðborgarsvæðið verði nútímalegt borgarsamfélag sem ber í senn alþjóðlegt og sérstakt yfirbragð og þar sem lífskjör og tækifæri verði sambærileg við bestu borgir.

Styrkur höfuðborgarsvæðisins liggur ekki síst í samgöngum; nálægð við alþjóðaflugvöll í Keflavík, staðsetning lykilhafna og gott samgöngunet sem tengir þar á milli. Samkeppnishæfni svæðisins verður þó aldrei þróttmeiri en þolmörk grunnkerfisins sem það byggir á leyfa. Atvinnulífið reiðir sig á greiðar og nútímalegar samgöngur, öruggt aðgengi að hita, vatni og rafmagni og að starfsfólk hafi aðgang að húsnæði og nærþjónustu. Sem norðlægt borgarsvæði á jaðri Evrópu byggir samkeppnishæfni svæðisins á góðum tengingum við markaði í Norður-Ameríku og Evrópu. Skipulagsáætlanir hafa hlutverki að gegna um mótun samgangna. Mestu skiptir að tryggja annars vegar áframhaldandi greiðar og öruggar tengingar við alþjóðaflugvöll og hafnir. Hins vegar er áherslan á almenningsamgöngukerfi sem svarar kalli tímans um hraða og hagkvæmni sem minnkar álag á stofnvegakerfið og einfaldar ferðalög fólks um höfuðborgarsvæðið.

Reynsla sýnir að þarfir atvinnulífsins er varðar landnotkun, nýtingu og aðgengi að stofnvegakerfi eru mjög mismunandi eftir tegund atvinnustarfsemi. Því er lögð áhersla á í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins að tryggja að til staðar séu atvinnusvæði sem eru vel tengd við allar flutningsæðar. Samvinna sveitarfélaganna í gegnum svæðisskipulagið mun tryggja að fjölbreytt atvinnustarfsemi geti átt sér stað á svæðinu með skynsamlegu lóðaframboði.

*Almenningsamgöngukerfi
sem svarar kalli tímans*

Skynsamlegt lóðaframboð



Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins leggur grundvöll að sókn svæðisins með því að festa í sessi meginrætti um landnotkun og aðgerðarmarkmið fyrir miðkjarna og samgöngumiðuð þróunarsvæði. Atvinnuuppbyggingu verður einkum beint að þeim svæðum og þannig skapast drifkraftar fyrir atvinnusköpun nálægt heimilum íbúa ásamt betri nýtingu samgöngukerfisins sem þegar hefur verið fjárfest í. Þar leikur miðkjarnanet höfuðborgarsvæðisins veigamikil hlutverk þar sem landskjarni, svæðiskjarni og bæjarkjarnar fá skýrara hlutverk í sameiginlegri sýn svæðisins. Miðborgarsvæðið (landskjarni) mun áfram vera leiðandi afl á svæðinu, þar sem tugþúsundir íbúa og gesta sækja daglega í vinnu, skóla, þjónustu, skemmtun og menningu. Hlutverk svæðis- og bæjarkjarna verður að dreifa úr álagi á landskjarnann og mynda samfellt net sem hægt er að ferðast eftir fljótt og örugglega með almenningsamgöngukerfi.

Stefnt verður að uppbyggingu vísindaborps í Vatnsmýri í samvinnu við háskólana og LSH. Með góðum samgöngum við Vatnsmýrasvæðið munu svæðis- og bæjarkjarnar móta sér hlutverk sem styðja við þá uppbyggingu, með framboði íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis sem tengist fljótt og örugglega við Vatnsmýrina. Að sama skapi er nauðsynlegt að dreifa úr hótél- og ferðamannauppbyggingu utan landskjarnans, sem skapar tækifæri fyrir miðkjarna til að skerpa á sérkennum sínum. Á grundvelli uppbyggingar miðkjarnanets skapast grundvöllur fyrir áframhaldandi útfærslu samgöngu- og þróunaráss, sem er viðvarandi verkefni sveitarfélaganna.

2.3. Samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins

Leiðarstef vaxtarsamnings höfuðborgarsvæðisins er að bæta samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins gagnvart öðrum borgarsvæðum. Samkeppnishæfni fyrirtækja vísar til getu þeirra til að keppa á markaði og á tímum aukinnar alþjóðavæðingar er oftast horft til alþjóðamarkaða. Samkeppnishæfni Íslands vísar til starfsumhverfis fyrirtækja á Íslandi og hversu vel það umhverfi gerir fyrirtækjum kleift að keppa á alþjóðamarkaði. Samkeppnishæfni er ekki markmið í sjálfu sér heldur leið til að tryggja sjálfbæra og varanlega aukningu á almennum lífsgæðum.

Leiðarstefið: bæta samkeppnishæfni

Til eru ýmsar samanburðarrannsóknir á samkeppnishæfni. Þekktasta úttektin á samkeppnishæfni þjóðríkja er rannsókn viðskiptaháskólans IMD í Sviss. Á þennan mælikvarða varð Ísland í 4.-5. sæti árin 2004 til 2006, en fyrsta könnun eftir hrun sýndi landið í 30. sæti. Samkvæmt síðustu könnuninni, birt árið 2014, var landið enn í 30. sæti, einu sæti ofar en árið áður. Betur má ef duga skal í þessum efnum.

Rannsókn PWC á samkeppnishæfni höfuðborga Norðurlanda er ¹ eina samanburðarathugin sem tekur til íslensks sveitarfélags. Skemmst er frá því að segja að Reykjavík er röðuð neðst höfuðborganna. Eftirfarandi tafla sýnir þá mælikvarða og rannsóknarþætti sem PWC notaði í greiningu sinni.

Tafla 1. Mælikvarðar og helstu þættir í rannsókn PWC á samkeppnishæfni höfuðborga Norðurlanda

Mælikvarðar	Helstu þættir
Mannauður og nýsköpun	Bekkjarsærð í grunnskóla, árangur nemenda í raungreinum, rannsóknir í háskóla, hlutfall háskólamenntaðra, nýsköpunarvísitala ofl.
Upplýsingatækni og -umhverfi	Nettenging skóla, gæði breiðbands, hugbúnaðargerð o.fl.
Samgöngur og innviðir	Almenningsamgöngur, fjöldi leigubíla, byggingarstarfsemi, húsnæði o.fl.
Heilsa og öryggi	Sjúkrahús, gæði heilbrigðisþjónustu, glæpatíðni, stjórn málaumhverfi o.fl.
Sjálfbærni og umhverfisgæði	Náttúruvá, endurvinnsla, loft menngun, almenningsgarðar o.fl.
Efnahagslegur styrkur	Höfuðstöðvar stórra alþjóðlegra fyrirtækja, fjöldi starfsmanna í fjármálageira og í þjónustu við atvinnulíf, landsframléiðsla og hagvöxtur, erlend fjárfesting o.fl.
Viðskiptaumhverfi	Stofnun fyrirtækja, gjaldþrotalög, regluverk vinnumarkaðar,
Kostnaður	Skatthlutföll, leiga atvinnuhúsnæðis, framfærslukostnaður ofl.
Lýðfræði og lífsgæði	Menningarlegt fjölbreytni, lífsgæði, fólk á vinnualdri, umferðarálag o.fl.
Millilandasamgöngur og ferðaþjónusta	Fjöldi hótélherbergja og ferðamanna, flugsamgöngur, samgöngur milli alþjóðaflugvallar og miðborgar

¹ PWC(2012). Northern Lights. The Nordic Cities of Opportunity.

Af þeim 59 mælikvörðum sem athugunin tók til var Reykjavík lægst á 22 kvörðum, en ekki reyndust tiltæk gögn í sjö mælikvörðum um borgina. Best stóð borgin sig er varðar heilsu og öryggi (2. sæti) og sjálfbærni og náttúrugæði (3. sæti). Versta útkoman er á kvarða millilandasamgangna og ferðaþjónustu, samgangna og innviða og efnahagslega styrks.²

Samanburður af þessu tagi skiptir sköpum við mótun samkeppnishæfs atvinnulífs. Þannig fást ekki bara mikilsverðar upplýsingar um styrkleika og veikleika atvinnulífs og umhverfis, heldur verður viðkomandi svæði sýnilegt fyrir fjárfesta. Markvisst þarf að vinna að því að samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins verði metið í fleiri athugunum, s.s. í athugun greiningarfyrirtækis breska vikublaðsins Economist (Economist Intelligence Unit).

2.4. Efnahagsleg markmið

Í skýrslu McKinsey um hagvaxtarbraut fyrir Ísland er framleiðnin sett í fókus og bent á að framleiðni í flestum greinum sé minni hér á landi en í viðmiðunarlöndum. Sett er fram markmið um að framleiðni eigi að aukast árlega um 1,6% og að hagvöxtur verði 3,5% á ári fram til 2039. Þessum markmiðum verður ekki náð nema með því að efla alþjóðageirann, þannig að framlag hans til landsframleiðslu vaxi út 13% í 18% árið 2030 og samsvarandi verði 19% vinnuafli í þessum geira, sbr. við 15% í dag.

Til alþjóðageirans heyrir efnahagsstarfsemi sem er í samkeppni á erlendum mörkuðum og er að mestu óháð staðbundnum auðlindum landsins. Alþjóðageirinn er mjög sterkur á höfuðborgarsvæðinu. Vaxtarmöguleikarnir eru jafnframt fyrst og fremst í á því svæði, þar sem samþjöppun rannsókna og þekkingar er sem mest.

*Alþjóðageirinn sterkur á
höfuðborgarsvæðinu...*

*...og vaxtarmöguleikar
mestir þar.*

² Á mælikvarðann kostnað var borgin enn lægri, sem ræðist af skorti á gögnum. PWC studdist eingöngu við gögn sem finna má í eigin gagnagrunnum eða gögnum alþjóðastofnana. Galli við athugunina er að erfitt er að rekja niðurstöður í einstökum mælikvörðum.



Vaxtarsamningur höfuðborgarsvæðisins tekur mið af ramma McKinsey og Samráðsvettvangs um aukna hagsæld og þeim efnahagslegu markmiðum sem þar eru settar fram. Höfuðborgarsvæðið mun gegna lykilhlutverki í því að markmið McKinsey og Samráðsvettvangs um aukna hagsæld nái fram að ganga. Með alþjóðlegum en sérstökum borgarbrag og fjölbreyttu mannlífi mun svæðið styrkja samkeppnishæfni Íslands í alþjóðageiranum. Götur erlendra fjárfestingar í þekkingargreinum og hátækni á höfuðborgarsvæðinu greiðast ekki hvað síst með aðlaðandi umhverfi sem erlendum sérfræðingum og stjórnendum verður boðið uppá. Uppbygging miðstöðvar þekkingargreina í Vatnsmýrinni mun styðja kröftuglega við vöxt alþjóðageirans. Verkefnið um heilbrigðisklasa, með áherslu á heilbrigðistækni, er enn annað verkefni vaxtarsamnings sem styrkja mun alþjóðageirann. Kortlagning nýsköpunarumhverfis með tillögum um úrbætur og kynningu á því ber að sama bruni. Þótt skapandi greinar séu ekki taldar með alþjóðageiranum í skiptingu McKinsey hafa þær margvíslegar tengingar við hann. Þá er horft til þess að skapandi greinar aflu nú þegar töluverðra útflutningstekna og möguleikar á frekari landvinningum gætu verið handan við hornið. Ekki síður er þó litið til mikilvægis skapandi greina í að móta borgarbrag og –menningu.

Undirstaða öflugs atvinnulífs í dag er mannauðurinn. Mikilvægasta framlag sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til þess að ná markmiðum um vöxt alþjóðageirans eru skólamál. Menntamál móta því atvinnustefnu og þungt á vogarskálinni hvílir sóknaráætlunarverkefnið um *Skóla í fremstu röð*.

Í skýrslu McKinsey og starfi Samráðsvettvangs er sjónum einnig beint að lágri framleiðni í opinbera geiranum. Í því felst áskorun til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Í skýrslu um Hagkerfið og höfuðborgarsvæðið er þannig lagt til að SSH gangist fyrir sammanburði á rekstri og framleiðni í sveitarfélögum með viðlíka hætti og þekkist í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við.

Rekstrarsamanburður sveitarfélaga

Tafla 2. Tillögur samráðsvettvangs og sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins.

	Markmið	Tillögur Samráðsvettvangs	Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins
Alþjóðageiri	Vöxtur 4,9% á ári. Fjöldun starfa 2,2% á ári. Framleiðniaukning 2% á ári.	<ul style="list-style-type: none"> Hærra menntunarstig með styttingu grunn- og framhaldsskólanáms Hvatning til að fjölga tækni- og raungreinamenntuðum Skattaávilnanir og forgangsafræðsla fyrir erlenda sérfræðinga Opinbert fjármagn til rannsóknarstarfs verði nýtt með skilvirkari hætti Öflug fjárfestingaeining einkaaðila og hins opinber á sprota- og vaxtarstigi Skattaleg hvatning til fjárfestinga í nýsköpun verði eflað 	<ul style="list-style-type: none"> Nýsköpunarumhverfi Myndun klasa í heilbrigðistækni á svæðinu. Þekkingariðnaður í Vatnsmýri Alþjóðlegt og frjótt borgarsamfélag Efing hraðvaxtargreina Sóknarfæri skapandi greina Sameiginleg markaðssetning höfuðborgarsvæðisins
Auðlindageiri	Vöxtur 2,6% á ári. Fjöldun starfa 0,9% á ári. Framleiðniaukning 1% á ári.	<ul style="list-style-type: none"> Samræmd stjórnun auðlinda Bætt leyfisveitingaferli Arðbærari orkuframleiðsla Tækifæri í sæstreng Sjálfbær uppbygging ferðamannastaða Langtímasamningar í fiskveiðum Skilvirkt stuðningskerfi landbúnaðar 	<ul style="list-style-type: none"> Skynsamleg uppbygging ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu Hagkvæm landnýting á höfuðborgarsvæðinu (svæðisskipulag)
Opinber þjónusta	Vöxtur 3,4% á ári. Fjöldun starfa 0,9% á ári. Framleiðniaukning 1,6% á ári.	<ul style="list-style-type: none"> Sameining stofnana Efling sveitarstjórnarstigsins Heildstæð innkaupastefna Skilvirkari þjónustusamningar Aukið rafrænt þjónustuframboð Betri heilbrigðisþjónusta Skilvirkara grunnskólastig Meiri atvinnuþátttaka öryrkja 	<ul style="list-style-type: none"> Endurskoðun virðisaukaskattsumhverfis opinbera geirans Rekstrarsamanburður sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu Aðgerðaáætlun um skóla í fremstu röð
Innlend þjónusta	Vöxtur 4,9% á ári. Fjöldun starfa 0,3% á ári. Framleiðniaukning 1,9% á ári.	<ul style="list-style-type: none"> Stjórnvöld og atvinnulíf starfi saman að eflingu samkeppnisumhverfis Stjórnvöld framkvæmi samkeppnismat við reglusetningu Stuðlað verði að meiri samkeppni á búvörumarkaði Ráðist verði í átak til að einfalda regluverk Neysluskattar verði jafnaðir og einfaldaðir Áskorunum vegna skuldsetningar atvinnulífs verði mætt með skilvirkum hætti 	<ul style="list-style-type: none"> Hágæða samgöngukerfi Sóknarfæri skapandi greina

3. Meginniðurstöður einstakra verkefna

Í þessum kafla eru meginniðurstöður og aðgerðartillögur einstakra verkefna dregnar saman.

3.1. Hagkerfi höfuðborgarsvæðisins

Markmið verkefnisins var að bæta þekkingu og skilning á hagkerfi höfuðborgarsvæðisins og mikilvægi þessi. Verkefnið fólst í greiningu á þætti höfuðborgarsvæðisins í þjóðarbúskapnum auk þess sem lagður var grunnur að spá um þróun þess og gerð athugun á gagnagrunnum og tölfræði um svæðið.

Verkefnið var unnið af Sigurði Snævarr, hagfræðingi, verkefnisstjóra vaxtarsamnings, í samvinnu við Ingunni S. Þorsteinsdóttur, hagfræðingi, um mannfjöldapróun og –spá, og Vilborgu H. Júlíusdóttur um hagkerfi höfuðborgarsvæðisins og athugun á flæði vinnuafis á höfuðborgarsvæðinu.

Afurðir verkefnisins eru þrjár:

1. Ítarleg athugun á hagkerfi höfuðborgarsvæðisins og þætti þess í þjóðarbúskapnum.
2. Athugun og skýrsla um hvar fólk býr og hvert það sækir vinnu.
3. Greining og skýrsla um mannfjöldapróun á höfuðborgarsvæðinu með framreikningi allt til ársins 2040.

Helstu niðurstöður eru:

Hagkerfi höfuðborgarsvæðisins.

Áætlun var gerð um landsframleiðslu á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Hagstofu Íslands. Helstu niðurstöður eru:

- Landsframleiðsla á mann var 5,5 m.kr. á hvern höfuðborgarbúa á árinu 2012, samanborið við 5 m.kr. á landsbyggð og 5,3 m.kr. á landinu öllu. Hlutfurð höfuðborgarsvæðisins í landsframleiðslu var 66% árið 2012, en var 70% árið 2007.
- Kreppan í kjölfar hruns var dýpri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni og uppsveiflan hægari. Hagvöxtur var hins vegar á meiri á höfuðborgarsvæðinu 2011 og 2012 en utan þess.
- Landsframleiðsla á mann á höfuðborgarsvæðum á Norðurlöndum er mun meiri en annars staðar í viðkomandi löndum. Á Stokkhólmssvæðinu munaði um röskegla 40% árið 2010, en minna á Óslósvæðinu eða um 13%. Sama er upp á

*Landsframleiðsla
á mann var 5,5 m.kr. á
höfuðborgarsvæðinu*

teningnum þegar litið er til annarra landa og almennt er munurinn því stærri sem borgarsvæðin eru fjölmennari. Landsframleiðsla á hvern höfuðborgarbúa var 18% meiri en á hvern íbúa landsbyggðar árið 2010.

- Verkaskipting milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar er skýr. Mestu skiptir þar að 20% höfuðborgarbúa starfa í fjármála og tryggingarstarfsemi en mun færri í öðrum landssvæðum. Hins vegar starfa 20-25% íbúa í öðrum svæðum í framleiðslu en mun lægra hlutfall höfuðborgarbúa. Þessi verkaskipting er svipuð og annars staðar á Norðurlöndum.

Búseta og vinna

Greiningin er byggð á sérvinnslu Ríkisskattstjóra á launamiðum, þar sem litið er annars vegar á lögheimili launagreiðenda og hins vegar launamanns.

- Fram til hrunsins árið 2008 jókst vægi Reykjavíkur í atvinnulífi höfuðborgarsvæðisins. Eftir hrun dró úr vægi borgarinnar og starfa íbúar í öðrum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins í vaxandi mæli í heimabyggð og Reykvíkingar vinna í auknum mæli í borginni.
- Þróunin er mjög viðlíka í þeim þrettán sveitarfélögum í nágrenni höfuðborgarsvæðinu sem athugunin tók til. Í aðdraganda hruns sóttu æ fleiri íbúar þeirra vinnu til höfuðborgarsvæðisins, en eftir hrun vinna þeir í auknum mæli í heimabyggð.
- Athugun á launamiðum bendir til að 81% Reykvíkinga hafi unnið í borginni á árinu 2012, um 14% annars staðar á höfuðborgarsvæðinu og um 5% utan þess.
- Með sama hætti er sýnt að 60% Kópavogsbúa sóttu vinnu til Reykjavíkur, 26% unnu í bænum og 9% annars staðar á höfuðborgarsvæðinu og 5% utan þess.
- Tæplega helmingur Hafnfirðinga sótti vinnu til Reykjavíkur, 31% unnu í bænum, 13% unnu annars staðar á höfuðborgarsvæðinu, en 7% utan þess.
- Tæp 60% Garðbæinga unnu í Reykjavík, 22% í bænum, 14% annars staðar á höfuðborgarsvæðinu, 7% utan þess.
- Um 57% Mosfellinga sóttu vinnu til Reykjavíkur, 28% unnu í bænum, 10% unnu annars staðar á höfuðborgarsvæðinu og 5% utan þess.

Mannfjöldapróun og framreikningur

Við framreikning íbúafjöldans var gengið út frá mannfjöldasþá Hagstofu Íslands og smíðað einfalt líkan til að reikna fram íbúafjöldann allt til ársins 2040.

90% fjölgunar landsmanna á höfuðborgarsvæðinu

- Síðastliðinn aldarfjórðung hefur fólksfjölgun verið mun meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni, eða nær 90% fjölgunarinnar.
- Frá 2009 til 2014 fækkaði íbúum á landsbyggð um 1.200, en íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölgaði um 7.500.
- Borgarlíf dregur að ungt fólk hvarvetna um heiminn og flutningsjöfnuður höfuðborgarsvæðisins gagnvart landsbyggð er mjög jákvæður á aldursbilinu 15-30 ára.
- Aldursskipting höfuðborgarbúa er töluvert önnur og hagstæðari en íbúa landsbyggðarinnar. Mestu skiptir að hlutfallslega eru margir íbúar höfuðborgarsvæðisins á aldrinum 25-40 ára.
- Samanburður við höfuðborgarsvæði annars staðar á Norðurlöndum sýnir svipaða þróun og hér. Mikill munur er á aldursskiptingu höfuðborgarsvæða og annarra svæða í þessum löndum og er munurinn meiri en hér á landi.
- Framreikningar til ársins 2040 gefa til kynna að höfuðborgarbúum muni fjölga um 50-75 þúsund og verða 66-67% landsmanna, samanborið við 64% í dag. Með sama hætti sýna reikningar að til ársins 2025 muni höfuðborgarbúum fjölga um 30-38 þúsund.
- Frávik frá þeim sviðsmyndum sem Hagstofan leggur fram í sínum spám var reiknað. Gerir það ráð fyrir að fólksflutningar milli landa muni færast í aukanna eftir því sem á öldina líður og flutningsjöfnuður Íslands gagnvart útlöndum verði mjög jákvæður. Gangi þessi fráviksmynd verður fjölgun landsmanna meiri en felst í grunnspám Hagstofunnar og fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu á bilinu 62 til 75 þúsund fram til 2040.

66-67% landsmanna á höfuðborgarsvæðinu

Höfuðborgarstefna og þróun lykilþátta

Spár um þróun landshluta

Tillögur

Viðræður við ríkið:

- Í þekkingarsamfélagi framtíðarinnar munu borgarsamfélög draga vagninn. Vöxtur alþjóðageirans mun ráðast af þeim innviðum sem höfuðborgarsvæðið býður fólki og fyrirtækjum. Til þess að ná fram efnahagslegum markmiðum McKinsey/Samráðsvettvangs um aukna hagsæld og markmiðum sóknaráætlunar SSH efni sveitarfélöin á höfuðborgarsvæðinu til viðræðna við ríkisstjórnina um vaxtarsamning fyrir svæðið á grundvelli tillagna sóknaráætlunar SSH. Í vaxtarsamningnum felist höfuðborgarstefna og jafnframt áætlun um þróun lykilþátta á höfuðborgarsvæðinu.
- Skortur er á margvíslegum lykilupplýsingum um hagkerfi höfuðborgarsvæðisins, sem nauðsynlegar eru til að tryggja upplýsta og ígrundaða ákvarðanatöku. Vinna við sóknaráætlun hefur því í alltof miklum mæli falist í öflun og vinnslu talnalegra gagna hverju sinni. Því er lagt til að:
- SSH beiti sér fyrir nauðsynlegum úrbótum með því að efna til samráðs við stjórnvöld og Hagstofu um opinbera tölfræði sem miði að því að ávallt verði til reiðu aðgengilegar upplýsingar um efnahags- og félagslega þróun á höfuðborgarsvæðinu.
- SSH knýji á um að gerðar verði með reglulegum hætti spár um efnahagsþróun eftir landshlutum og spár um íbúáþróun.

3.2. Nýsköpun og samkeppnishæfni

Markmið verkefnisins var að auka þekkingu, skilning og yfirsýn yfir stöðu nýsköpunar og sprotaverkefna og samstillta stoðkerfi og aðra sem gegna lykilhlutverki í brautargengi nýsköpunar- og sprotaverkefna.

Við mótun þessa verkefnis var litið svo á að vaxtarsamningurinn í heild miðaði að því að bæta samkeppnishæfni almennt. Í þessu verkefni var því lögð áhersla á að efla nýsköpunarhæfni höfuðborgarsvæðisins og er þar gengið útfrá stefnu og framtíðarsýn Vísinda- og tækniráðs.

Verkefnið greindist í tvo megin verkþætti. Annars vegar annaðist KlakInnovit kortlagningu og tillögugerð um úrbætur á nýsköpunarumhverfinu. Hins vegar var gerður samningur við Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ) um að leggja grunn að heilbrigðistækniklasa á höfuðborgarsvæðinu. Síðarnefndi samningurinn fól í sér verkefni sem lokið verður í árslok 2014 og lagði NMÍ fram fjárhæð til jafns við SSH til verkefnisins.

Nýsköpunarumhverfið

Afurðir verkþáttarins eru tvær: Vefsíðan <http://www.icelandicstartups.is> og skýrslan *Icelandic startup*.

Vefsíðan er lifandi upplýsingaveita sem gefur skýra mynd af nýsköpunar- og sprotaumhverfinu á Íslandi. Síðan er á ensku og að hluta á íslensku. Skiptist síðan í fimm þætti:

- *Statistics*. Tölfræði um nýsköpunarumhverfi.
- *Startup statistics*. Umfjöllun um einstök nýsköpunarfyrirtæki.
- *Startup genome* („genakort“). Myndrænt yfirlit um fyrirtæki, stofnanir o.fl. sem mynda nýsköpunar- og sprotaumhverfið á höfuðborgarsvæðinu.
- *Roadmap*. Leiðarvísir um ferli við stofnun sprotafyrirtækja.
- *Digest*. Dagatal um viðburði á sviði nýsköpunar o.fl.

Skýrslan *Icelandic startup* fjallar um nýsköpunarumhverfið og þarfir fyrirtækja eftir því hvar þau eru á þróunarbrautinni. Á grundvelli greiningar eru lagðar fram margvíslegar tillögur til úrbóta á nýsköpunar- og sportaumhverfinu, sem beinast að stjórnvöldum, sveitarfélögunum eða samtökum þeirra, háskólum og öðrum aðilum.

Lifandi upplýsingaveita

Tillögur

Viðræður við ríkið:

- SSH hafi forgöngu um að mótuð verði stefna til langs tíma um skuldbindandi aðgerðir við uppbyggingu nýsköpunar og frumkvöðlaumhverfis á höfuðborgarsvæðinu. Horft verði til erlendra fyrirmýnda á borð við Boulder, Silicon Valley, Berlínar og annarra svæða sem hafa fókusað árangursrík sprotaumhverfi.
- Í stefnunni og aðgerðaráætlun hennar verði m.a. horft til annarra tillagna úr nýsköpunarhluta sóknaráætlunar SSH.

Heilbrigðisglasinn

Afurðir verkþáttarins eru fjórar: 1. Áfangaskýrslan Icelandic Cluster Initiative, 2. Klasapróun, 3. Myndun tengsla og 4. Fræðsluáætlun.

Athuganir hafa staðfest að heilbrigðisgeirinn er einkar vel til þess fallinn að skapa ný og spennandi störf fyrir vel menntaða einstaklinga. Hins vegar eru ljón í veginum. Bent hefur verið á að stoðkerfi rannsókna og nýsköpunar sé ekki vel í stakk búið til að stuðla að nýsköpun og greiða nýjum hugmyndum götu innan heilbrigðisgeirans. Rannsóknir hafa óljósa stöðu innan sjúkrahússins, skilgreinda farvegi fyrir mat á einkaleyfishæfi rannsóknarniðurstaða skortir sem og mat á viðskiptalegu gildi slíkra niðurstaðna.

Til þess að nýta sem best þá möguleika sem að felast í heilbrigðistækni og -þjónustu þurfa allir þeir sem að heilbrigðismálum koma, s.s. stjórnvöld, rannsóknarstofnanir, menntastofnanir og ekki síst fyrirtækin í greininni, að taka höndum saman, móta stefnu til framtíðar og innleiða þá stefnu síðan hratt og örugglega.

Hugmyndafræði klasamyndunar er einkar vel til þess fallin að takast á við áskoranir þessar. Nýsköpunarmiðstöð hefur gengið til samstarfs við Gekon, sérfræðinga á sviði klasastjórnunar, um myndun heilbrigðisklasans. Verkáætlun gerir ráð fyrir því að fyrir árslok 2014 liggi fyrir:

- greining á sóknarfærum slíks samstarfs og ákvörðun um það hvort stofnað skuli til formlegs heilbrigðisklasa á Íslandi.
- tillögur um það um hvað slíkt samstarf eigi að snúast til framtíðar og hvað þátttakendur í slíku samstarfi ætli að fá út úr því.

Þessi vinna mun skera úr um framtíðarsýn klasans, enda byggir þróunin fyrst og fremst á því að þátttakendur sjái sjálfir ávinning af samstarfinu.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu mun fylgjast áfram með þessu samstarfi.

3.3. Skattalegt umhverfi

Verkefnið fólst í úttekt á skattalegu umhverfi fyrirtækja og sveitarfélaga í alþjóðlegu samhengi og að benda á umbætur sem gætu skapað sveitarfélögum og fyrirtækjum aukinn sveigjanleika og styrkt samkeppnisstöðu þeirra. Þá var í verkefnistillögu sérstaklega vikið að virðisaukaskattkerfinu og spurt hvort núverandi staða sveitarfélaga gagnvart því hefti útvistun sveitarfélaganna á þjónustu og standi í vegi fyrir atvinnu- og nýsköpun.

Sigurður Snævarr, hagfræðingur og verkefnisstjóri vaxtarsamnings, annaðist verkið og er höfundur skýrslunnar sem er afurð verkefnisins, *Skattalegt umhverfi fyrirtækja og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.*



Helstu niðurstöður eru:

- Íslenskt skattkerfi er tiltölulega réttlátt og hagkvæmt í alþjóðlegum samanburði og skattar sem hlutfall af landsframleiðslu lægri en annars staðar á Norðurlöndum en heldur yfir meðaltali OECD ríkja.
- Skattar sveitarfélaga eru einkum lagðir á heimilin og skattumhverfi atvinnulífsins mótast í litlum mæli af sveitarfélögum.
- Neysluskattar, virðisaukaskattur og vörugjöld eru flóknir og mikilvægt að einfalda þessa skattheimtu og gera markvissari. Atvinnulíf á höfuðborgarsvæðinu er mannauðsfrekt og fyrir vöxt þess og viðgang skiptir miklu að álagningu atvinnuþryggingagjalds sé í hóf stillt.
- Einkennandi fyrir sveitarfélög á Íslandi er að þau aflu stærri hluta sinna tekna með sjálfstæðum sköttum og tekjusveiflur eru óvíða meiri. Þrjá fjórðu tekna íslenskra sveitarfélaga má rekja til skatta sem þau leggja á sjálf.
- Sveitarfélög greiða mikla skatta í ríkissjóð og mikilvægt er að yfirlit yfir þær greiðslur sé skýrt í bókhaldi. Við mat á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga þarf að huga sérstaklega að skattlagningu. Löggjöf um virðisaukaskatt og sveitarfélög hindrar að nokkru hagkvæma útvistun á verkefnum. Áætlað er að innskattur sem sveitarfélög hafa greitt hafi verið um 13 milljarðar króna árið 2012.

Helstu tillögur:

Viðræður við ríkið:

SSH hafi frumkvæði að og fylgi eftir viðræðum við ríkisvaldið um umbætur á skattaumhverfi sveitarfélaga og fyrirtækja. Meðal umbóta sem um ræðir er:

- Heildar endurskoðun verði gerð á heimild sveitarfélaga til endurgreiðslu á virðisaukaskatti og reglum um framkvæmd þeirra. Við endurskoðunina þarf annars vegar að hafa í huga að ryðja burt samkeppnishindrunum og hins vegar hagkvæma ráðstöfun opinberra fjármála.
- Undanþágur frá fjármagnstekjuskatti verði endurskoðaður og gerð verði sérstök athugun á stöðu sveitarfélaga í fjármagnstekjuskattskerfinu.
- Umsýsla um atvinnuleyfi erlendra sérfræðinga einfölduð. Kannaður verði fýsileika þess að bjóða slíkum sérfræðingum, sem og íslenskum sérfræðingum sem unnið hafa um langt skeið erlendis, tímabundna skattaívilnun til að bæta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja.

Endurgreiðsla VSK

Atvinnuleyfi sérfræðinga

Fjármögnun fjárhagsaðstoðar

- Sveitarfélögum verði heimilað að leggja á gistináttaskatt með sama hætti og tíðkast í mörgum ríkjum.
- Sveitarfélögum verði tryggð fjármögnun fjárhagsaðstoðar til atvinnulausra í kjölfar missis bótaréttar að hluta eða öllu leyti.



3.4. Framtíð samgangna

Markmið verkefnisins var að kalla fram skýra sýn á þá þætti sem móta samgöngustefnu til næstu áratuga fyrir höfuðborgarsvæðið. Stefnt er að öflugu og umhverfisvænu samgöngukerfi sem þjónar vaxandi flutningsþörf, hreyfanleika og tengingu við grannsvæðin. Greiðar og traustar samgöngur eru ein meginforsenda fyrir öflugu atvinnulífi um höfuðborgarsvæðið í heild og til þess frá öðrum landshlutum og útlöndum.

Afurðir verkefnisins eru tvær: 1. Lokaskýrslan Höfuðborgarsvæðið 2014 – mat á samgöngusviðsmyndum og 2. Höfuðborgarsvæðið 2040 - Næstu skref í þróun samgöngukerfa.

Verkefnið er unnið af verkfræðistofunni Mannviti undir verkstjórn Þorsteins Hermannssonar verkfræðings og var það unnið í nánu samstarfi við Hrafnkel Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins.

Þrjár sviðsmyndir um uppbyggingu byggðar og samgöngumáta á höfuðborgarsvæðinu eru lagðar til grundvallar. Mat var lagt á kostnað og hagkvæmni mismunandi leiða til að móta öflugt og umhverfisvænt samgöngukerfi sem þjónar sem best vaxandi fjölda íbúa höfuðborgarsvæðisins og aðkomufólks. Matið byggði á niðurstöðum umferðarspáa og áætlana um stofn- og rekstrarkostnað stofnkerfa bílaumferðar og almenningsamgangna.

Niðurstöður matsins eru skýrar. Það er þjóhagslega hagkvæmt að fjárfesta í nýju almenningsamgöngukerfi í stað hefðbundinna vegaframkvæmda. Mismunurinn er a.m.k. 100 - 200 ma.kr. Þjóðhagslegur ábati umfram óbreytta stefnu í byggðar- og samgöngumálum.

Þjóðhagslegur ábati 100-200 ma.kr.

Til framtíðar samgangna á höfuðborgarsvæðinu heyrir einnig hugmynd um hraðlest til Keflavíkur, þótt það sé ekki viðfang þessa verkefnis.

Tillögur:

Viðræður við ríkið

Afkastameiri almenningsamgöngur

Þátttaka ríkisins

- SSH efni til viðræðna við innanríkisráðuneytið um þátttöku ríkisins í fjárfestingum í afkastameiri almenningsamgöngum, sem er lykilþáttur í vexti og þróun höfuðborgarsvæðisins, og þar með vaxtarsamningi höfuðborgarsvæðisins.
- Samanburður fjárfestingarkosta. Fjárfesting á afkastameiri almenningsamgöngum verði bornar saman við aðrar stórförumkvæmdir, m.t.t. arðsemi, áhrifa á umferðarkerfið, sóknarfæri og byggðapróun á svæðinu.
- Mat á leiðum við fjármögnun verkefnisins. Í því felst m.a. að kanna hvernig fjármögnun innviða í almenningsamgöngum er háttáð í nágrannalöndunum, kanna möguleika á „Public-Private-Partnership“ og kanna styrkja- og lánamöguleika hjá Evrópska fjárfestingabankanum o.fl

Á vettvangi SSH:

Afkastameiri almenningsamgöngur

Borgarlína

- Áfram verði haldið við mótun verkefnisins „Borgarlína- nýtt hágæða almenningsamgöngukerfi á höfuðborgarsvæðinu“ í samræmi við tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Í því felst m.a.:
- Ákvörðun um legu Borgarlínu á grundvelli greiningarvinnu.
- Tillögugerð um hagkvæma áfangaskiptingu á uppbyggingu kerfisins.

Verkaskipting samgönguverkefna

- Unnin verði greining á kostum þess og göllum að færa verkefni sem tengjast samgöngum frá einstökum sveitarfélögum og yfir til sameiginlegs vettvangs á vegum SSH. Jafnframt verði greindir kostir þess og gallar að samgönguverkefni og forgangsröðun fjármuna, ásamt föstum tekjustofnum færast frá ríkinu til sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

3.5. Framtíð og fjárfestingarþörf í ferðaþjónustu

Markmið verkefnisins var að efla ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Vinnan fólst í því að leggja mat á vaxtarmöguleika ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og meta fjárfestingarþörf.

Verkefnið var unnið af Sverri Bollasyni, VSÓ ráðgjöf og Vilborgu H. Júlíusdóttur, hagfræðingi. Afurð verkefnisins er skýrslan *Ferðaþjónusta á höfuðborgarsvæðinu, staða, horfur og fjárfestingarþörf*.

Helstu niðurstöður eru:

- Efnahagsleg umsvif ferðaþjónustu hafa vaxið langt umfram aðrar greinar þjóðarbúskaparins og er framlag greinarinnar til landsframleiðslu talið hafa aukist úr 4,9% árið 2006 í 7,6% árið 2013. Hlutur höfuðborgarsvæðisins í atvinnugreininni er mjög stór, eða um 70%.
- Ýmis áform eru uppi um byggingu gistirýmis á höfuðborgarsvæðinu. Gangi þau verkefni sem komin eru í farveg eftir munu bættast um 1.300 herbergi við, en kostnaður vegna þeirra er áætlaður 35 ma. kr. Mat á fjárfestingarþörf byggir á spám um fjölgun ferðamanna. Þrjú tilvik um þróun fram til 2020 eru lögð fram, hljóðar lágspá upp á 4% árlega aukningu, miðspá 7% og háspá 10%.
- Gangi lágspá eftir er varla þörf á frekari fjárfestingu í gististöðum fram til ársins 2020, hins vegar kallar miðspá á fjölgun herbergja um 3.500 og háspá um 5.900. Framkvæmdir skv. miðspá gætu kostað 70-85 milljarða kr. og háspá 120-145 milljarða.
- Nær öll áformin eru í miðborg Reykjavíkur og fer sá bekkur að vera all þröngt setinn ferðamönnum og um sumt fer nú að þrengja að íbúum miðborgarinnar.

Hlutdeild ferðaþjónustu í framleiðslu



Niðurstöður greiningar á ferðþjónustu á höfuðborgarsvæðinu má draga saman í eftirfarandi framtíðarsýn:

Miklir möguleikar eru í ferðþjónustu á höfuðborgarsvæðinu í heild. Með markvissri markaðssetningu og vörupróun verður ferðþjónustan byggð upp sem ein meginatvinnugrein á svæðinu. Markmiðið er að þróa og veita ferðamönnum gæðþjónustu og þannig stuðla að arðbærri ferðþjónustu sem stendur undir samkeppnisfærum launum. Ferðþjónustan á að styrkja mannlíf á svæðinu og vera í sátt við íbúana. Samvinna verður milli sveitarfélaganna um uppbyggingu og fjárfestingu í greininni.

Tillögur:

Á grundvelli greininga og með vísan til fyrrnefndrar framtíðarsýnar lúta tillögur um aðgerðir einkum að fjárfestingarvöktun og að því að skapa sátt milli íbúa og ferðamanna.

Viðræður við ríkið:

1-3 evrur á gistinótt

- Sveitarfélögum verði heimilt að leggja á gistináttaskatt, 1-3 evrur á gistinótt. Tekjum af skattinum verði varið til að fegra umhverfi og efla ferðatengda þjónustu.
- Til að forðast umframfjárfestingu í gistirýmum verði einstaklingum auðveldað að bjóða upp á heimagistingu hluta úr ári. Ná má árangri með einföldu umsóknarferli, sanngjörnum umsýslugjöldum og hóflegri skattheimtu.

Heimagisting

Á vettvangi SSH:

Yfirsýn yfir áform

- Mikilvægum áfanga í ferðþjónustu hefur nú þegar verið náð með samkomulagi um markaðsetningu sem er afurð sóknaráætlunarverkefnis um sameiginlega markaðssetningu. Í þessu felst mikilvæg sameiginleg framtíðarsýn sveitarfélaganna. Sveitastjórnir á höfuðborgarsvæðinu hafi yfirsýn yfir fjárfestingaráform í ferðþjónustu til að tryggja skynsamlega uppbyggingu ferðþjónustu með skipulegri söfnun upplýsinga.
- Á grundvelli markaðssetningarverkefna sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2013 auki sveitarfélögin aðdráttarafl annarra svæða en miðborgar Reykjavíkur fyrir ferðamenn, þannig að grundvöllur verði fyrir uppbyggingu á gistirými víðar.
- Hágæða almenningsamgöngur skapi skilyrði fyrir jafnari dreifingu gististaða um höfuðborgarsvæðið. Reykjavíkurborg marki heildstæða stefnu um akstur með ferðamenn um þröng stræti miðborgar Reykjavíkur.



3.6. Skapandi greinar og græna hagkerfið

Markmið verkefnisins var að styrkja stöðu skapandi greina á höfuðborgarsvæðinu. Í verkefninu er leitað svara við þeirri spurningu hvernig borgarumhverfi þurfi að vera til að skapandi greinar vaxi og dafni og að þeir sem starfa í skapandi greinum velji að búa í því umhverfi. Svára var leitað m.a. með því að efna til rýnihópa skipuðum fólki í hinum ýmsu skapandi greinum. Svör við þessum spurningum og fleira er að finna í skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar, *Sóknarfæri skapandi greina á höfuðborgarsvæðinu*. Dr. Margrét Sigrún Sigurðardóttur, lektor, fór fyrir þessari vinnu.

Samráð við grasrót

Helstu niðurstöður:

- Höfuðborgarsvæðið hefur uppá margt að bjóða sem laðar að einstaklinga í skapandi greinum þrátt fyrir að rekstrarumhverfi í íslensku efnahagslífi sé ekki talið ákjósanlegt.
- Mikilvægt er að til að opinberar aðgerðir skili árangri þurfa þær að vera unnar í samráði við grasrótina.
- Með uppbyggingu í menntamálum og skipulagsmálum leggja sveitarfélög grunn að umhverfi sem laðar til sín fólk í skapandi greinum. Skipulagsmál vega þungt í uppbyggingu frjós umhverfis skapandi greina. Þó er engin ein altæk formúla til fyrir skipulag skapandi hverfa. Aðdráttaraflíð felst í sérstöðu hvers hverfis, en eðli málsins samkvæmt verður sérstaða hvorki margfölduð né endurtekin.
- Áhersla opinberra aðila til eflingar skapandi greina hefur hingað til beinst ekki síst að steinsteypu, fremur en til að mynda eflingu verkefnasjóða í listum og skapandi greinum, þar sem afrakstur er ekki jafn sýnlegur. Í ljósi þeirrar gagnrýni sem fram kemur í rannsókninni á núverandi áherslur væri farsælla að leggja áherslu á innihald (s.s. með stuðningi við verkefnasjóði) fremur en umbúnað skapandi greina.

Efla verkefnasjóði

Helstu tillögur eru eftirfarandi:

Viðræður við ríkið:

- Sveitarfélögin leiti samráðs við ríkið um stofnun listamannaseturs þar sem erlendir listamenn geta komið og unnið gegn því að sýna list sína.
- Efla styrkjaumhverfi með aðkomu opinberra aðila og einkaaðila.
- Skoða lagalegar forsendur á endurgreiðslukerfum sambærilegum þeim sem eru í kvikmyndagerð í öðrum skapandi greinum.
- Efla endurmenntun í skapandi greinum á skipulegan hátt og bæta viðskiptaþekkingu í skapandi greinum.

Listamannasetur



Á vettvangi SSH:

- Komið verði á fót aðstöðu sambærilegri „Hugmyndahúsi Háskólanna.“
- Sveitarfélögin hafi forgöngu um að bjóða einstaklingum í skapandi greinum vinnuástöðu á bókasöfnum og öðrum almenningsrýmum með aðgangi að neti og kaffiástöðu. Stofna nýsköpunarbúðir í skapandi greinum þar sem boðið er upp á hraðnámskeið í nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi.
- Koma á hágæðasamgöngum til að byggja upp skapandi „þorp“ á fleiri stöðum en í 101 Reykjavík.
- Hafnarfjarðarbær hefur aðráttarafli fyrir skapandi greinar og er því beint til bæjarfélagsins að með markvissar aðgerðum í að „færa Hafnarfjörð nær miðborginni“ skapast tækifæri í uppbyggingu, til að mynda í ferðaþjónustu.

3.7. Vísindaporp í Vatnsmýri

Markmið verkefnis var að styrkja stöðu höfuðborgarsvæðisins sem miðstöðvar vísinda og þekkingar. Vinnan, í samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Landsspítala háskólasjúkrahús og Reykjavíkurborg, fólst í að draga fram sóknarfæri til að vísinda- og þekkingargarðar rísi í Vatnsmýrinni með greiningu á núverandi stöðu þekkingargreina og skilgreiningu á mikilvægustu þáttum í vestri þeirra.

Samstarfsaðilar verkefnisins sammæltust um eftirfarandi

framtíðarsýn:

Framtíðarsýn um lifandi borg

Í Vatnsmýri byggist upp fjölbreytt, hvetjandi, lifandi og þétt borgarbyggð. Hún samanstendur af háskólum, háskólasjúkrahúsi, þekkingarfyrirtækjum, vísindagörðum, frumkvöðlasetrum, íbúðum fyrir almennig og stúdenta, þjónustu, verslun, afþreyingu, menningu og grunn- og leikskólum í nánnum tengslum við náttúru, útivist og almenningsrými. Vatnsmýrin er svæði þar sem fólk vill eiga heima, starfa og heimsækja. Samgöngur eru greiðar innan svæðis, við alþjóðaflugvöll og höfuðborgarsvæðið. Þar gegnir alhliða samgöngumiðstöð á umferðarmiðstöðvarreit mikilvægu hlutverki í samgöngum innan Reykjavíkur og út um allt land. Skólar, fyrirtæki, stofnanir, íbúðir og þjónusta mynda mósaík fjölbreytts mannlífs í Vatnsmýri.

Verði þungamiðja þekkingarhagkerfis

Samfélag þekkingar

Í Vatnsmýri er þungamiðja þekkingarhagkerfis á Íslandi. Þar gegna lykilhlutverki sameinað háskólasjúkrahús, Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík, en mikilvægt er að stuðla að nánum tengslum við aðrar mennta- og rannsóknarstofnanir. Starfsemi og samstarf þessara aðila um t.d. innviði, rannsóknir, nýsköpun og frumkvöðla- og sprotastarfsemi leiðir til þess að öflug þekkingarfyrirtæki bætist í hóp öflugra fyrirtækja sem starfa í Vatnsmýrinni. Með markvissri stefnumótun og samvinnu öflugra aðila verður Vatnsmýrin í fremstu röð í völdum geirum þekkingariðnaðar.

Starfshópur samstarfsaðilanna sem myndaður var um þetta verkefni mun skila ítarlegri skýrslu á næstunni. Magnús Orri Schram, Capacent, var ráðinn verkefnisstjóri. Í skýrslunni er lagt til að starfshópurinn starfi áfram og vinni að framgangi vísindabörpsins.

Tillögur

Viðræður við ríkið:

- Unnin verði aðgerðaráætlun um flutning stofnana og styrkingu kjarna þekkingargreina í Vatnsmýri í samræmi við framtíðarsýn SSH og samstarfsaðila, og stefnumörkun Vísinda- og tækniráð ríkisins.

Á vettvangi SSH og samstarfaðila:

- Meta hvernig megi styrkja þorpið með flutningi rannsóknarstofnana og fyrirtækja inná Vatnsmýrarsvæðið.
- Mótað verði kynningarefni í samstarfi við Íslandsstofu og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar, og skoðuð aðkoma fleiri aðila að gerð þess.
- Kannaðar verði leiðir til að takast á við þá hindrun sem húsnæðiskostnaður er fyrir komu nýrra aðila inná svæðið.



3.8. Lítil og meðalstór fyrirtæki

Markmiðið verkefnisins var að efla og styrkja atvinnulíf á höfuðborgarsvæðinu. Vinnan fólst í að draga upp mynd af núverandi stöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja í hagkerfi höfuðborgarinnar, sem og að greina bestu leiðir til að hlúa að vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands var falið þetta verkefni og var það unnið af dr. Inga Rúnari Eðvarðssyni prófessor. Afurð verkefnisins er skýrslan *Efling lítilla og meðalstórra fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu*.

Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

- Alls voru 15.231 fyrirtæki starfandi á höfuðborgarsvæðinu árið 2012. Langflest þeirra voru með 1-9 starfsmenn (91,6%) en 6,7% voru með 10-49 starfsmenn. Fyrirtæki með 50-249 starfsmenn voru 1,2% og stórfyrirtæki, með 250 starfsmenn eða fleiri, 0,4%.
- Vaxtarfyrirtæki eru hlutfallslega fátíð á Íslandi og byggja á hefðbundinni tækni, en eru ekki þekkingarfyrirtæki eins og annars staðar á Norðurlöndum.
- Enga samræmd þjónustu er að finna hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu fyrir frumkvöðla og stjórnendur fyrirtækja. Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu hafa mun minni aðgang að styrkjum en fyrirtæki á landbyggðinni.

Tillögur miða fyrst og fremst að því að einfalda regluverk og bæta upplýsingagjöf:

Vefgátt um fyrirtæki

Viðræður við ríkið:

- SSH leiði samstarf við Nýsköpunarmiðstöð og fleiri aðila um að komið verði upp vefgátt með öllum helstu upplýsingum sem tengjast stofnun og rekstri fyrirtækja þar sem allar umsóknir eru rafrænar.

Sameiginleg vefgátt

Á vettvangi SSH:

- SSH og sveitarfélögin hafi frumkvæði af því að komið verði á fót sameiginlegri þjónustugátt fyrir stofnun fyrirtækja, starfsleyfi og stuðning varðandi veitingu leyfa. Sett verði á laggirnar þjónustuver eða fyrirtækjastofa þar sem viðskiptavinir leita til þjónustufulltrúa sem aðstoða þá innan kerfisins. Sveitarfélögin kanni möguleika á sameiginlegu byggingar-eftirliti og eftir atvikum öðru eftirliti með atvinnulífinu á höfuðborgarsvæðinu.